



FJÖLMIÐLANEFND

17. maí 2019
Álit nr. 3/2019

Kvörtun vegna meintra brota Ríkisútvarpsins ohf. á reglum um auglýsingahlutfall innan klukkustundar með útsendingu á Lottó-útdrætti á RÚV þann 12. maí 2018.

I. Málsatvik

1. Kvörtun

Fjölmiðlanefnd barst kvörtun með tölvupósti dags. 14. maí 2018, frá Símanum vegna Lottó-útdráttar sem var á dagskrá RÚV þann 12. maí 2018.

Að mati Símans fól útsendingin í sér sjónvarpsauglýsingu sem birtist í hverri viku og greidd er af Íslenskri getspá. Með þessu taldi kvartandi að RÚV hefði brotið gegn 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu nr. 23/2013 (hér eftir lög um Ríkisútvarpið), sem kveður á um að tímalengd auglýsinga á klukkustund megi ekki vara lengur en 8 mínútur. Í bréfinu sagði jafnframt:

„Þessa Lottóauglýsingu birti Ríkisútvarpið – sjónvarp ÞRÁTT fyrir að hafa á sömu klukkustund fullnýtt 8 mínútna heimild sína til auglýsingabirtinga auk þess að birta verulegt magn „kostana“ sem í þessu tilfalli voru ekkert annað en auglýsingar sem birtust utan auglýsingatíma.“

Loks sagði í bréfinu:

„Óskað er rannsóknar fjölmiðlanefndar í þessu ótrúlega athæfi Ríkisútvarpsins. Mál er að lögbrotum hins opinbera linni.“

Í ljósi þessarar kröfu Símans áleit fjölmiðlanefnd að um formlega kvörtun samkvæmt 2. mgr. 3. gr. starfsreglna fjölmiðlanefndar væri að ræða.



FJÖLMÍÐLANEFND

2. Málsvik

Lottó-útdráttur Íslenskrar getspar er á dagskrá RÚV í beinni útsendingu öll laugardagskvöld og hefur verið nánast óslitið síðan fyrsti útdrátturinn fór í loftið árið 1986. Undanfarin 16 ár hefur Lottó-útdrátturinn einnig verið sýndur samtímis í beinni útsendingu á Stöð 2.

Lottó-útdráttur, sá sem kvartað er yfir og sýndur var á RÚV þann 12. maí 2018, hefst á því að Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir kynnir óskar nýjasta Lottó-milljónamæringnum til hamingju og segir svo:

„Hann er með miðann sinn í áskrift og var aleinn með fjórfaldan fyrsta vinning um síðustu helgi og á nú von á 35,9 milljónum inn á bankareikning sinn. Vinningurinn er vel þeginn eftir mikið strit og streð síðustu ára og horfir þessi heppni Lottóspilari björtum augum til framtíðar.“

Því næst eru jókertölurnar dregnar út. Í kjölfarið segir kynnirinn:

„Í síðustu viku fengu átta spilarar 100.000 krónur í jóker og munar svo sannarlega um minna.“

Þá eru Lottó-tölur kvöldsins dregnar út. Undir lok þáttarins minnir kynnirinn áhorfendur á Víkingalottó, sem er alla miðvikudaga, og EuroJackpot, sem er alla föstudaga með sína milljarða vinninga, og segir svo:

„Ágætt að muna að það er ekkert að vinna nema að taka þátt og það er hægt að gerast áskrifandi inni á lotto.is“

Í tilefni af kvörtun Símans ákvað fjölmiðlanefnd, til að fá betri mynd af umræddu dagskrárefni, að greina fleiri Lottó-útdrætti. Af handahófi voru valdir Lottó-útdrættir sem voru á dagskrá RÚV dags. 29. september og 13. október 2018.

Lottó-útdráttur, dags. 29. september 2018, hefst með því að kynnir þáttarins, Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir, segir:

„Áður en við fáum tölur kvöldsins vil ég minna á að allur ágóði af sölu Lottósins, rennur til íþróttahreyfingarinnar, ungmennafélaganna og Öryrkjabandalagsins og einnig má ekki gleyma því að allir vinningar eru skattfrjálsir.“

„En snúum okkur að útdrætti kvöldsins og að venju byrjum við á Jókernum þar sem hægt er að vinna allt frá tvö þúsund krónum upp í tvær milljónir. Í síðustu viku var einn miðaeigandi með fjórar réttar tölur í réttri röð og vann hann hundrað þúsund krónur. Miðann góða fékk



FJÖLMÍÐLANEFND

hann í Happahúsinu í Kringlunni. Það er því flott að taka Jókerinn með næst þegar þú kaupir Lottó og hann kostar aðeins 200 kr.“

Eftir að Jóker- og Lottó-tölur kvöldsins hafa verið kynntar segir kynnirinn:

„Fyrsti vinningur í Víkingalottó stefnir í 2,4 milljarða, svo sannarlega til mikils að vinna þar næsta miðvikudag. Að lokum minni ég á heimasíðuna okkar lotto.is, þar er hægt að gerast áskrifandi og missa þar af leiðandi aldrei af vinningi.“

Í Lottó-útdrættinum, sem sýndur var á RÚV þann 13. október 2018, byrjar kynnirinn, Sigríður Hrönn Guðmundsdóttir, á að fjalla um Lottó-pott kvöldsins og segir svo:

„Við þreytumst seint á að minna á eignaraðila Íslenskrar getsþár sem njóta svo sannarlega góðs þegar þú kaupir þér Lottó. Þeir eru Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og síðast en ekki síst Öryrkjabandalag Íslands, en þar er Lottósjóðurinn m.a. nýttur til að kaupa íbúðir fyrir öryrkja. Það er því ljóst að það eru allir sem vinna þegar þú kaupir Lottó.“

„Nú er allt klárt fyrir útdrátt kvöldins. Fulltrúi skipaður af dómstólaráðuneytinu er mættur.“

Eftir að Jóker- og Lottó-tölur kvöldsins hafa verið dregnar út og kynntar segir kynnirinn:

„Þar höfum við það, allar tölur kvöldsins komnar á sinn stað. Hver veit nema að þú hafir dottið í lukkupottinn að þessu sinni.“

„Fyrsti vinningur í Víkingalottó stefnir svo í þrjú þúsund milljónir, svo sannarlega til mikils að vinna þar næsta miðvikudag.“

„Að lokum minni ég svo á heimasíðu okkar lotto.is, þar er hægt að gerast áskrifandi og missa þar af leiðandi aldrei af vinningi. Verið þið sæl.“

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Í bréfi fjölmiðlanefndar til útvarpsstjóra, þann 15. maí 2018, var óskað eftir sjónarmiðum og upplýsingum Ríkisútvarpsins um Lottó-útdrátt þann sem kvartað var yfir og var á dagskrá RÚV þann 12. maí 2018.

Hjálögð bréfinu var kvörtun Símans, dags. 14. maí 2018. Óskaði fjölmiðlanefnd eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins vegna kvörtunarinnar og þá sérstaklega til þess hvort umræddur



FJÖLMÍÐLANEFND

dagskrárliður fæli í sér brot gegn 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið um leyfilegt auglýsingahlutfall innan klukkustundar.

2.

Með bréfi Ríkisútvarpsins, dags. 14. júní 2018, bárust svör við bréfi nefndarinnar. Fram kom að Ríkisútvarpið hefði í nær 32 ár sent út Lottó-útdrátti Íslenskrar getspár. Alla jafna hafi útdráttum verið sjónvarpað á undan kvöldfréttum á laugardögum. Þegar dagskrá hafi raskast þannig að ekki hafi verið hægt að senda útdráttina út á hefðbundnum tíma hafi útsendingar þeirra verið færðar aftur á dagskrána. Þá kemur fram að laugardagskvöldið 12. maí hafi Lottó-útdrátturinn, vegna útsendingar frá úrslitum í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöða, verið sendur út kl. 22.58:35 og staðið í tvær mínútur og 44 sekúndur, eða til 23:01:20. Frá klukkan 22:00 til 23:00 hafi birst ein mínúta og 59 sekúndur af auglýsingum á RÚV í auglýsingatíma. Þannig sé ekki hægt að halda því fram að RÚV hafi á þeirri klukkustund fullnýtt átta mínútna heimild sína til auglýsingabirtinga.

Að auki kemur fram að Lottó-útdráttum Íslenskrar getspár sé miðlað gegn greiðslu. Greiðsla þessi sé gjald fyrir upptöku- og útsendingarkostnað og byggji á sérstökum samningi. Þá hafi RÚV litið svo á að útsending á Lottó-útdráttinum sé ekki auglýsing heldur þjónusta við Íslenska getspá og aðildarfélög þess, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Ungmennafélag Íslands. Efni þetta sé því hvorki auglýsing né kostun að mati RÚV og vandséð hvernig hægt væri að komast að niðurstöðu um að útsendingin fæli í sér viðskiptaboð.

Með bréfi Ríkisútvarpsins, dags. 14. júní 2018, barst jafnframt bréf frá Íslenskri getspá, sem ritað var í tilefni af kvörtun Símans, dags. 14. maí 2018. Í bréfinu kom fram að Íslensk getspá hafi verið stofnuð árið 1987 og starfi eftir lögum settum af Alþingi. Eigendur fyrirtækisins séu Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Ungmennafélag Íslands og allur arður af sölu Lottómiða renni til þessara aðila. Áhersla hafi verið lögð á það af hálfu Íslenskrar getspár að Lottó-útdrátturinn sé sendur út í beinni útsendingu til þjóðarinnar, eins og tíðkist á Norðurlöndunum og í mörgum Evrópulöndum. Undanfarin 16 ár hafi útdrátturinn verið sýndur bæði á RÚV og Stöð 2. Þá kemur fram að Íslensk getspá hafi aldrei litið svo á að útsending þessi væri auglýsing eða kostað efni, heldur sé um ræða eigið efni Íslenskrar getspár sem sé sent út í sérstakri útsendingu.

3.

Með erindi fjölmiðlanefndar, dags. 6. júlí 2018, var Símanum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum vegna sjónarmiða Ríkisútvarpsins dags. 14. júní 2018. Þann 10. júlí 2018 barst bréf frá Símanum. Í upphafi þess er áréttað að fyrirspurn Símans þann 14. maí hafi



FJÖLMIÐLANEFND

snúið að því hvort sýningar RÚV á útdrætti Lottó teldust auglýsing eða dagskrárefni. Þá kemur fram að athugasemdir Ríkisútvarpsins, dags. 15. júní 2018, hafi staðfest grun Símans um að Lottóþátturinn væri fjármagnaður, og þar af leiðandi kostaður, af Íslenskri getspá. Að mati Símans staðfesti Ríkisútvarpið það að um auglýsingu sé að ræða með erindi sínu þar sem því sé lýst yfir að Lottó-útdráttum Íslenskrar getspár í sjónvarpi sé miðlað gegn greiðslu. Jafnframt kemur fram í bréfi Símans að þegar litið sé til skilgreiningar 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla á hugtökunum *auglýsing*, *kostun* og *viðskiptaboð* sé augljóst að útdráttur Lottós sé annað hvort kostun eða auglýsing. Um miðlun á útsendingu gegn greiðslu sé að ræða, sem sé ætlað að vekja athygli á Lottói, sem sé sala á þjónustu. Þá breyti það engu að ágóði renni til góðra málefna, Lottó sé dagskrárliður sem sé miðlað á RÚV og fjármagnaður í heild af Íslenskri getspá. Lottó sé eitt vinsælasta peningaspil á Íslandi og að halda því fram að Lottó sé ekki auglýsing sé blekking. Þátturinn hafi þann eina tilgang að selja gettraunir. Þá kemur fram að Síminn telji að fjölmiðlanefnd beri að líta til eftirfarandi atriða þegar úrskurðað verði hvort um dagskrár- eða auglýsingaefni sé að ræða og hvaða reglur gildi:

- *Engin heimild sé til sérstaks framsals á dagskrártíma í lögum um Ríkisútvarp.*
- *Ef Ríkisútvarp hefði heimildir til að selja sérstakar dagskrárblokkir á kjörtíma til þriðja aðila, án þess að skilgreina þær sem auglýsingar ætti slík þjónusta að standa öllum til boða á sömu kjörum.*
- *Hvergi finnist opinber gjaldskrá yfir söluna eins og henni sé lýst af Ríkisútvarpinu.*
- *Ekkert gagnsæi sé um hvernig sölunni sé háttað. Þar sem um samkeppnisrekstur sé að ræða ætti salan að eiga sér stað í lögboðnu dótturfélagi sem hefði átt að stofna fyrir 1. janúar 2018. Það eitt að Ríkisútvarpið hafi skirrst við að hlíta þessu lagaboði ætti eitt og sér að duga til að úrskurða alla auglýsingasölu stofnunarinnar ólöglega.*

Loks kemur fram að Síminn telji enga ástæðu til að svara erindi Íslenskrar getspár þar sem kvörtunin snúist ekki um það fyrirtæki sem einungis leiti bestu kjara til að auglýsa þjónustu sína.

4.

Með bréfi fjölmiðlanefndar, dags. 15. ágúst 2018, var óskað eftir sjónarmiðum Ríkisútvarpsins til sjónarmiða Símans, dags. 10. júlí 2018. Í svari Ríkisútvarpsins, dags. 29. ágúst 2018, kemur fram að ekkert í erindi Símans frá 10. júlí breyti kjarna málsins. Ríkisútvarpið hafi um árábil annast upptökur og útsendingar á umræddu efni gegn endurgjaldi. RÚV fái engu um myndefnið ráðið, sem teljist í eðli sínu dagskrárliður með djúpar sögulegar rætur. Þættirnir teljist ekki til auglýsinga í lagalegu tilliti, frekar en aðrir dagskrárliðir í sjónvarpi. Þannig sé ekki um „kynningu“ á vöru eða þjónustu að ræða, sem sé eðli auglýsinga, heldur sé um útsendingu „vörunnar“ eða „þjónustunnar“ þ.e. viðburðinn sem slíkan að ræða. Á sama hátt og útsending frá kappleik sé ekki „kynning“ á íþróttafélagi.



FJÖLMIÐLANEFND

5.

Með bréfi fjölmiðlanefndar til Ríkisútvarpsins, dags. 24. september 2018, var óskað eftir gögnum sem sýna hvað Ríkisútvarpið þiggur í greiðslur frá Íslenskri getspá vegna útsendinga á vikulegum Lottó-útdrætti. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um það hvernig greiðslur þessar eru skráðar í bókhaldi Ríkisútvarpsins, ásamt upplýsingum um það hver kostnaður Ríkisútvarpsins er fyrir hverja mínútu í útsendingu á þeim tímum sem Lottó-útdrættir eru sýndir.

Í svari Ríkisútvarpsins, dags. 1. október 2018, kemur fram að árið 2006 hafi Ríkisútvarpið og Íslensk getspá gert með sér samning sem endurnýjst árlega og hafi haldist nánast óbreyttur síðan. Samkvæmt samningnum fái Íslensk getspá 180 sekúndna langan útsendingartíma í sjónvarpi laugardaga og miðvikudaga frá kl. 18:54 til 18:57 fyrir útdrætti í Lottó og víkingalottó. Ríkisútvarpið leggi til mannafla við upptökur og útsendingar, gerð sviðsmyndar, grafíkvinnslu, þularlestur o.s.frv.

Þá kemur fram að við gerð umrædds samnings hafi farið fram mat á kostnaði við upptökur og útsendingar. Verð fyrir þjónustuna hafi svo tekið breytingum, m.v. vísitölu neysluverðs án húsnæðis, en hafi ekki breyst að öðru leyti. Greiðslurnar séu tvískiptar, annars vegar fyrir upptökur og vinnslu, en í því felist að RÚV leggi til allan mannafla við upptökur og útsendingar, gerð sviðsmyndar, grafíkvinnslu, þularlestur o.s.frv., og hins vegar fyrir 180 sekúndna útsendingartíma. Endurgjald fyrir Lottó-útdrættina sé reiknað með sambærilegum hætti og endurgjald sem Ríkisútvarpið innheimti fyrir samskonar þjónustu samkvæmt verðskrá, fyrir hvers kyns framleiðsluaðstöðu og tækniþjónustu RÚV, sem sé að finna á vef RÚV. Verðskráin endurspeglar þá þjónustu sem RÚV hafi veitt gegn endurgjaldi, þegar eftir því hafi verið leitað af Íslenskri getspá og öðrum framleiðsluáðilum.

Með bréfinu fylgdi afrit af tveimur síðustu reikningum sem gefnir voru út af Ríkisútvarpinu til Íslenskrar getspár. Þá kemur fram í bréfinu að tekjur og gjöld fyrir Lottóið séu bókfærðar í þá deild RÚV sem heldur utan um allar aðrar tekjur en sölu auglýsinga og kostana, til dæmis leigutekjur af húsnæði og tækjum, sölu safnaefnis, leigu á leikmunum og búningum og aðrar tilfallandi tekjur.

Með bréf fjölmiðlanefndar, dags. 8. janúar sl., til Ríkisútvarpsins var óskað eftir afriti af samningi Íslenskrar getspár og Ríkisútvarpsins frá 2006 sem Ríkisútvarpið vísaði til í svari sínu, dags. 1. október 2018. Umbeðinn samningur barst fjölmiðlanefnd með tölvupósti dags. 9. janúar 2019.

6.

Fjölmiðlanefnd sendi Ríkisútvarpinu frummat sitt í málinu þann 14. febrúar 2019. Þar fór nefndin yfir helstu málsatvik og þau lagasjónarmið sem máli skipta við mat á því hvort



FJÖLMIÐLANEFND

Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið með sýningu á Lottó-útdrætti Íslenskrar getspár á laugardagskvöldum. Jafnframt vildi fjölmiðlanefnd veita Ríkisútvarpinu færi á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum sem kynnu að skipta máli við mat á því hvort brotið hefði verið gegn framangreindu ákvæði. Bent var á að einungis væri um að ræða frummat fjölmiðlanefndar en ekki endanlega afstöðu hennar til þess hvort Ríkisútvarpið hafi brotið gegn ákvæðinu. Þær ályktarnir sem settar væru fram kynnu að breytast gæfu athugasemdir og skýringar Ríkisútvarpsins tilefni til þess.

Í bréfinu kom fram það frummat fjölmiðlanefndar að Lottó-útdrættirnir, sem eru á dagskrá RÚV á laugardagskvöldum, væru í núverandi framsetningu viðskiptaboð og lyti miðlun þeirra þar með þeim takmörkunum sem fram kæmu í 7. gr. laga um Ríkisútvarpið um viðskiptaboð. Þannig teldist útsendingartími Lottó-útdráttar til þeirra átta mínútna sem Ríkisútvarpinu væri heimilt að miðla á klukkustund samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laganna. Samkvæmt upplýsingum sem borist hefðu frá Ríkisútvarpinu hefði samanlögð lengd auglýsinga og Lottó-útdráttar þess sem kvörtun Símans snúi að ekki farið yfir átta mínútur á klukkustund umræddan dag og hafi útsendingin þar með ekki verið í andstöðu við 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Jafnframt kom fram það frummat fjölmiðlanefndar að þar sem um væri að ræða þjónustu sem ekki stæði öðrum viðskiptamönnum Ríkisútvarpsins til boða fengi fjölmiðlanefnd ekki séð að umrætt ákvæði samnings Ríkisútvarpsins og Íslenskrar getspár stæðist 5. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið, sem kveður á um að Ríkisútvarpið skuli birta gjaldskrá fyrir viðskiptaboð og að við sölu viðskiptaboða skuli gætt jafnræðis gagnvart viðskiptamönnum Ríkisútvarpsins.

Fram kom í frummatinu að samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið leggi fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á Ríkisútvarpið vegna brota á ákvæði 7. gr. laganna. Þó megi falla frá sektarákvörðun, sbr. 3. mgr. 17. gr., teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á beitingu sekta. Í slíku tilfalli sé fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt sé á vef hennar.

Fram kom að fjölmiðlanefnd vildi gefa Ríkisútvarpinu frekara færi á að koma skýringum og sjónarmiðum vegna málsins á framfæri áður en komist yrði að niðurstöðu um hugsanlegt brot félagsins gegn 5. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Þess var óskað að athugasemdir og sjónarmið Ríkisútvarpsins bærust nefndinni eigi síðar en 26. febrúar nk.

Í kjölfarið óskaði Ríkisútvarpið eftir fundi með nefndinni og funduðu starfsmenn hennar með fulltrúum Ríkisútvarpsins: Margréti Magnúsdóttur skrifstofustjóra, Einari Loga Vignissyni auglýsingastjóra og Stefáni Andrew Svensson lögmanni, þann 26. febrúar sl. Á fundinum



FJÖLMÍÐLANEFND

óskuðu fulltrúar Ríkisútvarpsins eftir frekari skýringum á efni frummatsins. Fram kom að Ríkisútvarpið myndi skila skriflegu svari vegna frummats fjölmiðlanefndar eftir fundinn.

7.

Erindi fjölmiðlanefndar frá 14. febrúar sl. var ítrekað með tölvupósti 11. mars sl. þar sem því hafði ekki verið svarað skriflega og ekki hafði verið beðið um frekari frest til skriflegra svara. Var þess óskað að svör Ríkisútvarpsins bærust eigi síðar en 22. mars. Í kjölfarið óskaði Ríkisútvarpið eftir fundi með formanni og starfsmönnum nefndarinnar.

Þann 25. mars funduðu formaður og starfsmenn fjölmiðlanefndar með áðurnefndum fulltrúum Ríkisútvarpsins. Á þeim fundum og í skriflegu svari skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins til nefndarinnar þann 2. apríl sl. lýsti Ríkisútvarpið vilja félagsins til að ljúka málinu með sátt, skilgreina Lottó-útdrætti Íslenskrar getspár í núverandi mynd sem viðskiptaboð og virða ákvæði 7. gr. laga um Ríkisútvarpið við útsendingu þeirra framvegis. Fram kom að Ríkisútvarpið teldi mega leggja til grundvallar að helmingur útsendingartíma Lottó-útdráttu teldist til viðskiptaboða. Þá lýstu fulltrúar RÚV yfir vilja til að birta gjaldskrá vegna slíkra viðskiptaboða, þar sem gagnsæis og jafnræðis yrði gætt gagnvart Íslenskri getspá og áþekkingu aðilum.

III. Niðurstaða

1.

Eftirlitshlutverk fjölmiðlanefndar á grundvelli laga um Ríkisútvarpið er með þeim hætti að nefndin hefur m.a. eftirlit með ákvæði 7. gr. laganna um viðskiptaboð. Fjölmiðlanefnd hefur heimild til að leggja á stjórnvaldssekt, eða ljúka málsmeðferð með birtingu álots, vegna brota á 7. gr. um viðskiptaboð, en þær heimildir taka ekki til brota á öðrum ákvæðum laga um Ríkisútvarpið en 7. gr.

Í 1. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið segir að auglýsingar skulu skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni Ríkisútvarpsins sbr. 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla), þar sem segir að viðskiptaboð skuli vera auðþekkjanleg sem slík og vera skýrt afmörkuð frá öðru efni með þeim hætti sem best hentar því formi miðlunar sem notað er hverju sinni. Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla eru dulin viðskiptaboð óheimil

Í 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið segir að við myndmiðlun skuli hlutfall viðskiptaboða og fjarkaupainnskota innan hvernar klukkustundar ekki fara yfir átta mínútur. Ákvæðið felur í sér



FJÖLMÍÐLANEFND

undantekningu frá meginreglu fjölmiðlalaga um 12 mínútna hámark á hverri klukkustund, sbr. 2. mgr. 41. gr. laga um fjölmiðla. Ákvæði 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið öðlaðist gildi 1. janúar 2016, sbr. 19. gr. sömu laga, og tekur því til þeirra atvika sem hér eru um til umfjöllunar.

Í 5. mgr. 7. gr. segir að Ríkisútvarpið skuli setja og birta gjaldskrá fyrir viðskiptaboð. Við sölu viðskiptaboða skuli gætt jafnræðis gagnvart viðskiptamönnum Ríkisútvarpsins. Afsláttarkjör fyrir kostunaraðila og auglýsendur skuli vera gagnsæ og standa öllum viðskiptamönnum til boða fyrir sambærilegt umfang viðskipta.

2.

Við mat á því hvort um brot á 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið hafi verið að ræða með útsendingu Lottó-útdráttar, sem sýndur var á RÚV laugardagskvöldið 12. maí 2018, ber í fyrsta lagi að líta til þess hvort umræddir þættir teljist viðskiptaboð í skilningi laga um fjölmiðla.

Hugtakið viðskiptaboð er skýrt í 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem sé ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundi atvinnustarfssemi og sé miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Við mat á því hvort Lottó-þættirnir teljast viðskiptaboð þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

- a. Um er að ræða texta, myndir eða hljóð.
- b. Efninu er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vöru, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings eða ætlað til kynningar í eigin þágu.
- c. Sá einstaklingur eða lögaðili stundar atvinnustarfssemi.
- d. Efninu er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi.

a. Texti, myndir eða hljóð.

Lottó-útdráttirnir, sem eru á dagskrá RÚV og Stöðvar 2 öll laugardagskvöld, eru u.þ.b. þriggja mínútna langt myndefni. Meginefni þeirra er útdráttur í jóker og í Lottó-potti vikunnar. Þannig er fyrsta skilyrði ákvæðisins, um að um texta, mynd eða hljóð sé að ræða, ótvírætt uppfyllt.

b. Efninu er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vöru, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings eða ætlað til kynningar í eigin þágu.

Íslenska Lottóið er rekið af Íslenskri getspá sf., sem er sameignarfélag í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (46,67%), Öryrkjabandalags Íslands (40%) og Ungmennafélags Íslands (13,33%), á grundvelli laga um talnagetraunir nr. 26/1986. Samkvæmt 5. gr. þeirra laga skal ágóða varið til eflingar íþróttá, á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu, innan



FJÖLMÍÐLANEFND

Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands eða til að standa undir starfssemi í þágu öryrkja.

Reglugerð nr. 1170/2012, sem sett er á grundvelli heimildar í framangreindum lögum um talnagetraunir Íslenskrar getspár, kveður svo nánar á um starfsemina. Í 7. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að útdráttir í Lottó, Víkingalottó og EuroJackpot skuli fara fram einu sinni í viku. Útdráttur í Lottó skal fara fram opinberlega á laugardögum eða samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár, að viðstöddum fulltrúa hennar og skipuðum eftirlitsmanni samkvæmt 1. mgr. 16. gr. Útdráttur í Víkingalottó skal fara fram á hverjum miðvikudegi í hverju heimalandi.

Meginefni umræddra útsendinga er sem áður segir útdráttur í Jóker og Lottó, þar sem tölur eru dregnar út í beinni útsendingu og kynntar áhorfendum. Í þáttunum er að jafnaði einnig fjallað um nýjasta vinningshafann í Lottóinu og hvar hann keypti vinningsmiðann. Jafnframt er fjallað um hversu margir hafi fengið jókervinning síðastliðið laugardagskvöld og áhorfendur síðan upplýstir um það hvað Jókerinn kosti og hversu einfalt það sé að kaupa hann með Lottómiðanum. Þá er fjallað um hversu hár tilvonandi pottur í Víkingalottóinu sé, sem dregið verði úr næstkomandi miðvikudagskvöld. Að lokum er áhorfendum svo bent á vefinn lotto.is þar sem hægt sé að kaupa sér miða í áskrift og missa þannig aldrei af vinningi.

Við mat á því hvort að í efninu hafi falist hvatning til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu lítur nefndin svo á að sömu sjónarmið eigi við og við mat á því hvort um dulin viðskiptaboð sé að ræða. Þannig beri að líta til þess hvort framsetning á efni þáttanna hafi verið með þeim hætti að upplýsingar séu gefnar á hlutlausan hátt, án þess að bera vott um það að vera auglýsing.

Sá hluti þáttarins sem snýr að útdrætti talna hefur að mati nefndarinnar almennt upplýsingagildi fyrir almenning í landinu. Löggjafinn hefur, á grundvelli laga nr. 26/1985 og reglugerðar nr. 1170/2012, kveðið á um að útdráttur í Lottói skuli fara fram opinberlega hvern laugardag að viðstöddum fulltrúa stjórnar Íslenskrar getspár og skipuðum eftirlitsmanni dómsmálaráðuneytisins. Í ljósi framangreinds og þess að markmið Ríkisútvarpsins, samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um Ríkisútvarpið, er m.a. að stuðla félagslegri samheldni í íslensku samfélagi með fjölmiðlaþjónustu í almannapágu, er það mat fjölmiðlanefndar að útdrátturinn sjálfur feli ekki í sér kynningu á vörum eða þjónustu Íslenskrar getspár og teljist því ekki kynning á vöru eða þjónustu Íslenskrar getspár.

Hvað varðar framsetningu á upplýsingum um fyrrum vinningshafa, miðaverð, væntanlegar fjárhæðir í öðrum getraunum Íslenskrar getspár og hvar hægt er að kaupa miða er það mat fjölmiðlanefndar að sá hluti útsendingarinnar hafi ekki almennt upplýsingagildi fyrir almenning með sama hætti og hinn eiginlegi Lottóútdráttur og kynning á niðurstöðum hans. Framangreindar upplýsingar eru að mati fjölmiðlanefndar ekki settar fram á hlutlausan hátt,



FJÖLMÍÐLANEFND

heldur til þess fallnar að vekja athygli á skráðum vörumerkjum, Lottó, Viking Lottó, EuroJackpot og Jóker og fela í sér hvatningu til áhorfenda til kaupa á miðum sem veita þátttökurétt í samnefndum getraunaleikjum. Að mati nefndarinnar er framangreint orðalag til þess fallið að þjóna auglýsingamarkmiðum umfram þá almennu upplýsingagjöf sem í Lottóútdrættinum felst.

c. Einstaklingur eða lögaðili sem stundar atvinnustarfsemi.

Hugtakið atvinnustarfsemi er ekki skilgreint nánar í lögum um fjölmiðla. Af skilgreiningum fræðimanna má ráða að við skilgreiningu á hugtakinu atvinnurekstur þurfi m.a. að kanna mörk milli atvinnurekstrar í hagnaðarskyni annars vegar og hins vegar tómstunda- eða hugsjónastarfsemi, sem ekki er stunduð í þeim tilgangi að hagnast um fé. Sú skilgreining sem notast er við í skattfrankvæmd er að atvinnurekstur megi almennt skilgreina sem sjálfstæða starfsemi, sem stunduð sé með reglubundnum hætti og í nokkru umfangi í ekki mjög skamman tíma í þeim efnahagslega tilgangi að hagnast um fé. Skilyrðinu um sjálfstæða starfsemi telst almennt fullnægt ef starfsemi er innt af hendi af lögaðila. Hvað umfang varðar er í lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 tekið fram að þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir hærri upphæð en 1.000.000 kr. á ári séu skráningarskyldir og hafi þar með atvinnurekstur með höndum.

Í samkeppnislögum nr. 44/2005 er að finna skilgreiningu á hugtakinu atvinnurekstur en þar segir að atvinnurekstur sé hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi. Af frankvæmd samkeppnislaga má ráða að hugtakið atvinnustarfsemi er skilgreint rúmt. Ekki er skilyrði að starfsemin sé rekin í ákveðnu félagiformi, heldur geta einstaklingar og almenn félög talist stunda atvinnustarfsemi. Þá er heldur ekki skilyrði að starfsemin sé rekin í hagnaðarskyni.

Íslenska Lottóið er sem áður greinir rekið af Íslenskri getsþá, sem er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalags Íslands og Ungmennafélags Íslands á grundvelli laga um talnagetraunir nr. 26/1986. Samkvæmt 5. gr. sömu laga skal ágóða varið til eflingar íþróttá á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum Öryrkjabandalags Íslands eða til að standa undir starfsemi í þágu öryrkja.

Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að fyrrnefndum lögum um talnagetraunir nr. 26/1986 segir að frumvarpið feli í sér heimild til að veita Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands einkarétt til að reka talnagetraunir til eflingar íþróttá og starfsemi Öryrkjabandalagsins. Talnagetraunirnar Lottó og Víkingalóttó eru því með rekstrarleyfi eingöngu á þeim grundvelli að þær eru reknar í hagnaðarskyni til þess að láta gott af sér leiða í almannaðágu. Þar að auki eru happdrætti og getraunastarfsemi undanþegin virðisaukaskattsskyldu, sbr. 11. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt nr.



FJÖLMIÐLANEFND

50/1988. Í umfjöllun um 11. gr. 3. mgr. 2. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. um virðisaukaskatt segir að rétt þyki að undanþiggja starfssemi þessa skattskyldu vegna eðli starfseminnar. Þá hafi starfssemi þessi ávallt verið söluskattfrjáls og undanþegin virðisaukaskatti hjá nágrannaþjóðum okkar.

Þrátt fyrir að löggjafinn hafi með framangreindum hætti valið að veita Íslenskri getspá sérstakt rekstarleyfi á grundvelli laga um talnagetraunir og jafnframt veitt starfseminni undanþágu frá virðisaukaskattskyldu í 11. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt verður að mati fjölmiðlanefndar ekki framhjá þeirri staðreynd litið að Íslensk getspá er sjálfstæð starfssemi sem í hagnaðarskyni fyrir eigendur sínar selur vörur og þjónustu gegn endurgjaldi. Í dag rekur Íslensk getspá talnagetraunirnar Víkinglottó, EuroJackpot, Jóker og Lottó, sem allt eru skráð vörumerki. Íslensk getspá er í sömu stöðu og aðrir leyfisskyldir aðilar á happdrættismarkaði, sem allir starfa samkvæmt sérlögum þar sem aðgangur að happdrættismarkaði á Íslandi er ekki frjáls. Allir þessir aðilar eru virkir á auglýsingamarkaði og ætla má að þeir séu í virkri samkeppni. Er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að Íslensk getspá sé aðili í atvinnurekstri í skilningi 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla.

d. Efninu er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi.

Í bréfi Ríkisútvarpsins frá 14. júní segir að Lottó-útdráttum Íslenskrar getspár sé miðlað gegn greiðslu. Greiðsla þessi sé gjald fyrir upptöku- og útsendingarkostnað og byggji á sérstökum samningi. Þá hafi RÚV litið svo á að útsending á Lottó-útdrættinum sé ekki auglýsing heldur þjónusta við Íslenska getspá og aðildarfélag þess, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Öryrkjabandalag Íslands og Ungmennafélag Íslands.

Samkvæmt afriti reikninga sem Ríkisútvarpið sendi nefndinni þann 1. október 2018 greiðir Íslensk getspá annars vegar fyrir kostnað vegna upptöku og vinnslu og hins vegar fyrir kostnað vegna útsendingar. Í bréfi Ríkisútvarpsins kemur jafnframt fram að endurgjald vegna Lottósins sé reiknað með sambærilegum hætti og það endurgjald sem innheimt sé fyrir áþekka þjónustu og bjóðist öðrum sjónvarpsstöðvum og framleiðendum og er í því sambandi vísað til verðskrár RÚV stúdíó, sem er að finna á vef RÚV.¹ Jafnframt kemur fram að tekjur og gjöld vegna Lottósins eru bókfærðar í þá deild RÚV sem heldur utan um allar aðrar tekjur en sölu auglýsinga- og kostana, t.d. leigutekjur af húsnæði og tækjum, sölu safnaefnis, leigu á leikmunum og búningum og öðrum tilfallandi tækjum.

Fjölmiðlanefnd getur fallist á þau sjónarmið Ríkisútvarpsins að sá hluti greiðslna Íslenskrar getspár til RÚV sem snýr að kostnaði vegna upptöku á útdrætti, og er sambærilegur þeim sem öðrum býðst samkvæmt verðskrá RÚV- Stúdíó, sé leiguverð á framleiðsluáðstöðu RÚV og

¹ Verðskrá RÚV STÚDÍÓ, sótt 5. apríl 2019 af vef RÚV: <http://www.ruv.is/ruv-studio-verdskra>



FJÖLMÍÐLANEFND

tæknikostnaði. Þessi hluti greiðslunnar flokkist þannig ekki sem greiðsla fyrir miðlun á efni Íslenskrar getspár í skilningi í 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla.

Hvað greiðslu Íslenskrar getspár fyrir beina útsendingu á Lottóútdrættinum varðar er að mati fjölmiðlanefndar um þjónustu að ræða sem ekki stendur öðrum aðilum til boða nema í besta falli á grundvelli verðskrár um auglýsingaramma RÚV. Í lögum um Ríkisútvarpið er enga heimild að finna sem heimilar Ríkisútvarpinu að selja útsendingartíma í sjónvarpi nema þegar um viðskiptaboð í skilningi laga um fjölmiðla er að ræða. Í 5. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið segir að Ríkisútvarpið skuli setja og birta gjaldskrá fyrir viðskiptaboð og að gæta skuli jafnræðis gagnvart viðskiptamönnum við sölu viðskiptaboða. Þá skulu afsláttarkjör fyrir kostendur og auglýsendur vera gagnsæ og standa öllum viðskiptamönnum til boða fyrir sambærilegt umfang viðskipta. Í ljósi framangreinds er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að greiðsla Íslenskrar getspár fyrir útsendingartíma á dagskrá RÚV á laugardagskvöldum sé endurgjald fyrir miðlun á efni í skilningi 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla.

3.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að framsetning á upplýsingum um miðaverð, væntanlegar fjárhæðir í öðrum talnagetraunum Íslenskrar getspár, ásamt upplýsingum um sölustaði Lottó í umræddum þáttum hafi ekki almennt upplýsingagildi fyrir almenning. Þessar upplýsingar séu til þess fallnar að vekja athygli á skráðum vörumerkjum Lottó, Vikinglotto, EuroJackpot og Jóker og feli í sér hvatningu til áhorfenda til kaupa á miðum sem veita þátttökurétt í samnefndum talnagetraunum Íslenskra getrauna og séu þar með viðskiptaboð í skilningi 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla. Jafnframt er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að greiðsla Íslenskrar getspár fyrir útsendingartíma á dagskrá RÚV á laugardagskvöldum sé endurgjald fyrir miðlun á efni í skilningi 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla.

Þá er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að sá hluti þáttarins sem snýr að útdrætti talna og upplýsingum sem settar eru fram á hlutlausan hátt hafi almennt upplýsingagildi fyrir almenning og feli ekki í sér kynningu á vörum eða þjónustu Íslenskrar getspár sem falli undir skilgreiningu 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla um viðskiptaboð. Jafnframt er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að sá hluti greiðslna Íslenskrar getspár sem er vegna upptökukostnaður og framleiðslu á þáttunum sé ekki endurgjald fyrir miðlun á efni og falli þar af leiðandi utan skilgreiningar 40. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla á viðskiptaboðum. Engu að síður telur fjölmiðlanefnd ekki unnt að fallast á þau sjónarmið Ríkisútvarpsins að einungis helmingur útsendingartíma Lottó-útdráttá í núverandi framsetningu teljist til viðskiptaboða, heldur beri að líta á dagskrárliðinn í heild sem viðskiptaboð.

Er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að Lottó-útdrættirnir sem eru á dagskrá RÚV á laugardagskvöldum séu í núverandi framsetningu og í heild sinni viðskiptaboð og lúti miðlun



FJÖLMIÐLANEFND

Þeirra þar með þeim takmörkunum sem ákvæði 7. gr. laga um Ríkisútvarpið kveður á um. Þannig teljist útsendingartími Lottó-útdráttar til þeirra átta mínúta sem Ríkisútvarpinu sé heimilt samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laganna að miðla á klukkustund. Lottó-útdráttur sem kvörtun Símans sneri að, var sendur út þann 12. maí 2018, kl. 22.58:35 og stóð í tvær mínútur og 44 sekúndur, eða til 23.01:20. Fyrir útsendinguna höfðu birtst auglýsingar í auglýsingatíma RÚV, sem var alls 1 mínúta og 59 sekúndur að lengd. Þar af leiðandi fór hlutfall myndmiðlunar á viðskiptaboðum á klukkustund ekki yfir átta mínútur með útsendingu Lottó-útdráttar þann 12. maí 2018 og var þar með ekki í andstöðu við 4. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Samkvæmt 1. gr. samnings Íslenskrar getspár og Ríkisútvarpsins frá 2006 selur Ríkisútvarpið Íslenskri getspá a.m.k. 180 sekúndna langan útsendingartíma í Sjónvarpinu kl. 18.54 til 18.57 miðvikudaga og laugardaga fyrir útdrætti í Vikinglotto og Lottói, auk Jókera. Lengd þessa þáttar skal þó ekki fara yfir 210 sekúndur. Í lögum um Ríkisútvarpið er enga heimild fyrir slíkri sölu á útsendingartíma að finna nema að um viðskiptaboð í skilningi laga um fjölmiðla sé að ræða. Um miðlun viðskiptaboða Ríkisútvarpsins gilda ákvæði 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Samkvæmt 5. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið skal Ríkisútvarpið birta gjaldskrá fyrir viðskiptaboð. Við sölu viðskiptaboða skal gætt jafnræðis gagnvart viðskiptamönnum Ríkisútvarpsins. Þar sem um er að ræða þjónustu sem ekki stendur öðrum viðskiptamönnum Ríkisútvarpsins til boða fær fjölmiðlanefnd ekki séð að umrætt ákvæði samnings Ríkisútvarpsins og Íslenskrar getspár fái staðist 5. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laganna um Ríkisútvarpið leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á Ríkisútvarpið vegna brota á ákvæði 7. gr. laganna. Þó má falla frá sektarákvörðun, sbr. 3. mgr. 17. gr., teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta. Í slíku tilfalli er fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu hennar. Með vísan til þess málatilbúnaðar Ríkisútvarpsins að í nær 32 ár hafi Ríkisútvarpið sent út Lottó-útdrætti Íslenskrar getspár og þeirrar sérstöðu sem löggjafinn hefur veitt talnagetraunum Íslenskrar getspár með lögum nr. 26/1986 um talnagetraunir, sem nánar er útfærð í reglugerð nr. 1170/2012, hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu.

Við málsmeðferðina hefur Ríkisútvarpið lýst yfir vilja til að skilgreina gjaldtöku vegna Lottó-útdráttar Íslenskrar getspár sem viðskiptaboð og virða ákvæði 7. gr. laga um Ríkisútvarpið við útsendingu þeirra framvegis. Ríkisútvarpið hefur jafnframt lýst því yfir að gjaldtaka vegna slíkra útsendinga verði birt í gjaldskrá og að jafnræðis verði gætt milli Íslenskrar getspár og sambærilegra aðila. Að mati fjölmiðlanefndar teljast þeir aðilar sem hafa lögbundið leyfi til happdrættis- og veðmálastarfsemi hér á landi til sambærilegra aðila en eðli máls samkvæmt hafa ekki allir viðskiptamenn Ríkisútvarpsins slíkt leyfi lögum samkvæmt.



FJÖLMÍÐLANEFND

IV. Álitsorð

Álit fjölmiðlanefndar er að Ríkisútvarpinu ohf. beri að flokka gjaldtöku fyrir útsendingu útdráttar Íslenskrar getspár og, eftir atvikum, annarrar happdrættis- og veðmálastarfsemi sem leyfi hefur lögum samkvæmt hér á landi, sem viðskiptaboð og tryggja að miðlun slíkra viðskiptaboða sé í samræmi við þær reglur sem um viðskiptaboð gilda samkvæmt 7. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013 og lögum um fjölmiðla nr. 38/2011.

Í ljósi framangreinds er það álit fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpinu ohf. hafi borið að setja og birta gjaldskrá vegna viðskiptaboða frá Íslenskrari getspá og, eftir atvikum, annarri happdrættis- og veðmálastarfsemi sem leyfi hefur lögum samkvæmt hér á landi, þar sem jafnræðis gagnvart slíkum aðilum væri gætt, afsláttarkjör væru gagnsæ og stæðu til boða öllum viðskiptamönnum, sem hefðu lögbundið leyfi til happdrættis- og veðmálastarfsemi hér á landi.

Með vísan til 3. mgr. 17. gr. laga um Ríkisútvarpið, hinnar löngu framkvæmdar, sem spannar nær 32 ár, að Ríkisútvarpið sendi út Lottó-útdrætti Íslenskrar getspár, og þeirrar sérstöðu og sérstakrar heimildar til starfsemi sem löggjafinn hefur veitt talnagetraunum Íslenskrar getspár með lögum nr. 26/1986 um talnagetraunir, sem nánar er útfærð í reglugerð nr. 1170/2012, er fallið frá sektarákvörðun í máli þessu.

Hulda Árnadóttir

María Rún Bjarnadóttir

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson